

## 61. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3ja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

## 62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3ja mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.**

## 1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar á hrafni, svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, í Mosfellsbæ, Akranesi, Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Ísafirði og Bolungarvík. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við umhverfisráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefni að fenginni tillögu fuglafríðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans skulu sækja um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok janúarmánaðar ársins 1992 skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunar og árangur.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 1992.

*Umhverfisráðuneytið, 22. febrúar 1991.*

F. h. r.

**Páll Línal.**

*Kristinn Sv. Helgason.*